

Enska 2 og 3. bekkur

Kennari: Hjördís Rut Jónsdóttir

Almennt um kennsluna

Kennslustundafjöldi er 1 kennslustund á viku.

Námsaðlögun: Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávík er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir ensku eru sett fram í 7 flokkum.

Við lok skólaárs geta nemendur:

Hlustun

- Skilið einfalt mál er varða þau sjálf og nánasta umhverfi við skýran framburð.
- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við.

Lesskilningur

- Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum bóka/blaða/netmiðla.
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt í verkefnavinnu

Samskipti

- Haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með áherslum á lykilorðaforða.
- Geti beitt algengustu kurteisisvenjum.

Frásögn

- Geti sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu áhuamálum og nánasta umverfi.

Ritun

- Geti skrifað texta með orðaforða úr þeim efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.

Menningarläsi

- Geti sýnt að hann átti sig á að mörg algeng orð í ensku eru lík og skyld öðrum orðum sem hann þekkir.

Námshæfni

- Geti sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu.
- Geti beitt aðferðum til að auðvelda námið t.d. tengja mynd og texta.

Skipulag kennslunnar

Kennsluskipulag: með fyrirvara um breytingar

2. og 3. bekkur fá einn tíma á viku í ensku.

Stuðst er fið kennsluefnið *Yes, we can* og valin verkefni úr *Let's go* ásamt ýmsum verkefnum sem fléttuð eru saman við kennsluna. Farið verður í leiki þar sem talað verður saman á ensku og hlustað á söngva og sungið með. Einnig verða lesnar sögur fyrir nemendur sem þeir vinna svo áfram með.

Námsmat

Námsmatið byggir á leiðsagnarmati og símati á vinnubrögðum, frumkvæði, framförum og ástundun.

ágúst – september	Hello my name is, tölur og litir.
September	Fjölskyldan meðal annars útbúið fjölskyldutré. Matur, leikum okkur í búðaleik með spili.
Október	Who am I, heimilið og Halloween.
Nóvember	Dýrin og náttúran.
Desember	Aðventan og jólin horfum á jólamynd og einblínum á orðaforða tengt jölunum.